

Flugvátrygging

Upplýsingaskjal um vátryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 480 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. vátryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í skilmálum hennar, [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Flugvátrygging er samsett trygging sem innifelur ábyrgðartryggingu, sem byggir á lögum um skylduvátryggingar loftfara nr. 70/2006, og tvær valkvæðar tryggingar; slysatryggingu flugmanns og húftryggingu loftfars. Vátryggjandi flugvátryggingarinnar er HDI Global Specialty SE í Svíþjóð.



Hvað er tryggt?

Ábyrgðartrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Bótaábyrgðar sem kann að falla á tryggingartaka vegna tjóns á mönnum eða munum utan loftfarsins.
- ✓ Bótaábyrgðar sem falla kann á tryggingartaka vegna tjóns á farþegum, farangri eða varningi í loftflutningi.

Slysatrygging flugmanns og farþega (valkvæð trygging) greiðir dánar- og örorkubætur vegna slysa:

- ✓ Um borð í tryggðu loftfari svo og við för í loftfar og úr því.

Húftrygging loftfars (valkvæð trygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Tjóns á loftfarinu af völdum skyndilegs, utanaðkomandi atviks.
- ✓ Þjófnaðar á loftfarinu eða hluta þess.



Hvað er ekki tryggt?

Ábyrgðartrygging greiðir ekki bætur vegna:

- ✗ Ábyrgðar vegna tjóns á munum í eigu hins tryggða eða munum sem hann hefur að láni eða leigu.
- ✗ Bótaábyrgðar á seinkun farþega eða farangurs.

Slysatrygging flugmanns greiðir ekki bætur vegna slysa flugmanns

- ✗ Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.

Húftrygging loftfars greiðir ekki bætur vegna:

- ✗ Tjóns á hjólbörðum og slöngum sem stafar eingöngu af sprengingu eða af því að gat kemur á hjólbarða.
- ✗ Þjófnaðar á hlutum og tækjum úr ólæstum flugstjórnarklefa, farþegarými eða farangursgeymslu, svo og á hlutum sem unnt er að fjarlægja úr loftfarinu án þess að beitt sé afli eða verkfærum.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Húftrygging tekur ekki til tjóna sem tilkynnt eru síðar en þremur mánuðum eftir að tryggingunni lýkur.



Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir á því landssvæði sem tilgreint er í skilmálum hennar.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á vátryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú getur dreift greiðslum með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.